

## Persónuverndarreglur Veritas Capital ehf.

Veritas Capital ehf. (einnig vísað til „**Veritas**“, „**félagsins**“ og „**okkar**“) hefur einsett sér að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi persónuupplýsinga starfsmanna félagsins. Persónuverndarreglum þessum er ætlað að upplýsa starfsmenn um hvaða persónuupplýsingar félagið safnar, með hvaða hætti félagið nýtir slíkar persónuupplýsingar og hverjir fá aðgang að upplýsingunum.

Persónuverndarreglur þessar ná til persónuupplýsinga er varða alla núverandi og fyrrverandi starfsmenn Veritas (hér eftir sameiginlega vísað til „**starfsmanna**“ eða „**þín**“).

Ef þú ert í vafa um það hvernig persónuverndarreglurnar varða þig hafðu samband við [personuvernd@veritas.is](mailto:personuvernd@veritas.is).

### 1. Tilgangur og lagaskylda

Veritas leitast við að uppfylla í hvívetna persónuverndarlöggjöf og eru reglur þessar byggðar á lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga („**persónuverndarlög**“), með síðari breytingum og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/679 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga („**reglugerðin**“).

### 2. Hvað eru persónuupplýsingar?

Persónuupplýsingar í skilningi reglna þessara eru hvers kyns upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling, þ.e. upplýsingar sem hægt er að rekja beint eða óbeint til ákveðins einstaklings. Gögn sem eru ópersónugreinanleg teljast ekki persónuupplýsingar.

### 3. Persónuupplýsingar sem Veritas safnar og vinnur

Við söfnum og varðveitum ýmsar persónuupplýsingar um starfsmenn okkar. Ólíkum persónuupplýsingum kann að vera safnað um ólíka starfsmenn og kann vinnsla og söfnun á persónuupplýsingum að fara eftir eðli starfs.

Eftirfarandi eru **dæmi** um upplýsingar sem Veritas safnar um starfsmenn sína:

- samskiptaupplýsingar, svo sem nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang;
- starfsumsóknir, meðmæli og upplýsingar úr starfsviðtölum;
- upplýsingar um menntun, þjálfun, fræðslu og starfsreynslu;
- upplýsingar um innihald sakaskráa ef við á;
- ráðningarsamningar;
- upplýsingar um laun og hlunnindi og aðrar tengdar upplýsingar, svo sem um bankareikninga, kaup, dagpeninga og fleira;
- upplýsingar um stéttarfélagsaðild og lífeyrissjóði;
- upplýsingar úr frammistöðusamtölum;
- upplýsingar um vinnutengd slys;
- upplýsingar um nánasta aðstandanda;
- upplýsingar um áminningar;
- tímaskráningar og upplýsingar um viðveru starfsmanna;
- upplýsingar um heilsuhagi;
- tölvupóstar og símanotkun;
- aðgangsupplýsingar; og
- upptökur úr öryggismyndavélum.

Auk framangreindra upplýsinga, kann Veritas einnig að safna og vinna aðrar upplýsingar sem starfsmenn láta félaginu sjálfir í té (t.d. um hjúskaparstöðu) sem og upplýsingar sem eru félaginu nauðsynlegar vegna starfsemi þess.

Að meginstefnu til aflar Veritas persónuupplýsinga beint frá starfsmönnum. Í þeim tilvikum þar sem að persónuupplýsinga er aflað frá þriðja aðila mun félagið leitast við að upplýsa starfsmenn um slíkt.

#### 4. Hvers vegna söfnum við persónuupplýsingum og á hvaða grundvelli?

Við söfnum persónuupplýsingum um starfsmenn fyrst og fremst til að geta uppfyllt skyldur okkar samkvæmt ráðningarsamningum við starfsmenn, á grundvelli heimildar/skyldu í lögum eða á grundvelli lögmætra hagsmuna félagsins.

Sú vinnsla sem framkvæmd er til að uppfylla skyldur samkvæmt ráðningarsamningum við starfsmenn felst einkum í eftirfarandi:

- launavinnslu og greiðslu á öðrum kjörum;
- mati á frammistöðu;
- mati á hæfni til að vinna ákveðið verk eða gegna ákveðinni stöðu; og
- upplýsingaöflun vegna ætlaðra brota í starfi.

Upplýsingar sem unnar eru á grundvelli **ráðningarsamnings** starfsmanns eru nauðsynlegar svo félagið geti uppfyllt skyldur sínar gagnvart starfsmönnum, og öfugt, svo sem vegna greiðslu launa eða til að meta hæfni starfsmanns til að vinna ákveðið verk, sem dæmi má nefna upplýsingar úr frammistöðusamtölum og vinnslu á upplýsingum um heilsuhagi. Veiti starfsmaður Veritas ekki nauðsynlegar upplýsingar getur það leitt til þess að félaginu sé ómögulegt að uppfylla skyldur sínar eða til þess að breyta þurfi verkefnum eða stöðu starfsmannsins innan félagsins.

Veritas kann einnig að safna og vinna persónuupplýsingar á grundvelli **lögmætra hagsmuna**, svo sem í **öryggis- og eignavörsluskyni**. Dæmi um það er vinnsla er varðar tímaskráningar starfsmanna, vinnsla myndefnis úr öryggismyndavélum, vinnsla aðgangsupplýsinga og vinnsla hvað varðar eftirlit með notkun á tölvupósti, netnotkun og símnotkun.

Veritas getur að auki í einhverjum tilvikum unnið persónuupplýsingar á grundvelli **lagaskyldu**, s.s. vinnulöggjafar og skattalöggjafar. Sem dæmi má nefna vinnslu upplýsinga um vinnutengd slys auk upplýsinga um lífeyrissjóð.

Í þeim tilvikum þar sem að söfnun og vinnsla persónuupplýsinga krefst **samþykkis** starfsmanns, er starfsmanni ávallt heimilt að afturkalla slíkt samþykki sitt. Öll samskipti í tengslum við slíka afturköllun eða breytingu á innihaldi samþykkis skal beina til starfsmannastjóra félagsins.

Öll vinnsla Veritas á persónuupplýsingum skal vera í samræmi við persónuverndarlöggjöf, þar á meðal 8. og 9. gr. persónuverndarlaga og 6. og 9. gr. reglugerðarinnar.

Veritas skuldbindur sig til þess að öll vinnsla á persónuupplýsingum um starfsmenn sé lögleg, sanngjörn og gagnsæ. Upplýsingum verði aðeins safnað í tilteknum, sérstökum og lögmætum tilgangi og að söfnun og vinnsla gangi ekki lengra en þörf krefur miðað við tilgang vinnslunnar. Vinnsla skal í öllum tilvikum vera nægileg, viðeigandi og takmörkuð við það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar.

#### 5. Miðlun til þriðju aðila

Veritas kann að miðla persónuupplýsingum um starfsmenn til verktaka og annarra þriðju aðila vegna vinnu þeirra fyrir félagið í tengslum við ráðningarsambandið. Einnig gæti persónuupplýsingum verið miðlað til þriðju aðila sem veita okkur upplýsingatækniþjónustu og aðra þjónustu sem tengist vinnslu og er hluti af rekstri félagsins. Þá kunna persónuupplýsingar að vera afhentar öðrum þriðju aðilum í tengslum við ráðningarsambandið, s.s. stéttarfélögum, lífeyrissjóðum og tryggingarfélögum.



Þriðju aðilar sem veita okkur þjónustu samkvæmt framansögðu gætu verið staðsettir utan Íslands. Veritas mun ekki miðla persónuupplýsingum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema slíkt sé heimilt á grundvelli viðeigandi persónuverndarlöggjafar.

Veritas mun leitast við að upplýsa starfsmenn um flutning persónuupplýsinga til landa utan Evrópska efnahagssvæðisins, en frekari upplýsingar veitir gæða- og upplýsingastjóra félagsins.

Að lokum gætu persónuupplýsingar um þig verið afhentar að því marki sem heimilað er eða krafist er á grundvelli viðeigandi laga eða reglna, s.s. til Vinnueftirlitsins ef vinnutengt slys verður. Einnig kann persónuupplýsingum þínum að vera miðlað til þriðja aðila til að bregðast við löglegum aðgerðum eins og húsleitum, stefnum eða dómsúrskurði. Afhending getur einnig verið nauðsynleg í neyðarástandi eða til að tryggja öryggi starfsmanna Veritas eða þriðja aðila.

## 6. Hvernig er öryggi persónuupplýsinga tryggt?

Veritas leitast við að grípa til viðeigandi tæknilegra og skipulegra ráðstafana til að vernda persónuupplýsingar, með sértöku tilliti til eðlis þeirra. Þessum ráðstöfunum er ætlað að vernda persónuupplýsingar gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi, afritun, notkun eða miðlun þeirra.

## 7. Varðveisla á persónuupplýsingum

Veritas mun leitast við að varðveita aðeins persónuupplýsingar eins lengi og þörf krefur miðað við tilgang vinnslunnar, nema annað sé heimilt eða skylt samkvæmt lögum.

Varðveislutími persónuupplýsinga er afmarkaður nánar í reglum Veritas um varðveislutíma.

## 8. Breytingar og leiðréttingar á persónuupplýsingum

Það er mikilvægt að þær persónuupplýsingar sem varðveittar eru um starfsmenn séu bæði réttar og viðeigandi. Því er mikilvægt að starfsmenn tilkynni okkur um allar breytingar sem kunna að verða á persónuupplýsingum þeirra á meðan að starfað er fyrir félagið.

Starfsmenn eiga rétt á því að óáreiðanlegar persónuupplýsingar er þá varða séu leiðréttar. Að teknu tilliti til tilgangs vinnslu persónuupplýsinga skal starfsmaður eiga rétt á að láta fullgera ófullkomnar persónuupplýsingar um hann, þ.m.t. með því að leggja fram frekari upplýsingar.

Vinsamlega beinið öllum uppfærslu beiðnum til [personuvernd@veritas.is](mailto:personuvernd@veritas.is).

## 9. Aðgangur starfsmanna að persónuupplýsingum þeirra

Starfsmenn eiga rétt á að fá aðgang að þeim persónuupplýsingum sem Veritas vinnur sem og upplýsingar um vinnsluna. Þá kann starfsmaður einnig að eiga rétt á að fá afrit af þeim persónuupplýsingum sem varða hann og félagið vinnur með.

Aðgangur starfsmanna að persónuupplýsingum sem Veritas varðveitir um þá er hins vegar ekki fortakslaus. Þannig kunna lög eða reglugerðir að heimila eða skylda félagið til að hafna ósk um aðgang að persónuupplýsingum.

Ef upp koma aðstæður þar sem að félagið getur ekki veitt starfsmanni aðgang að persónuupplýsingum, mun félagið leitast við að útskýra hvers vegna beiðni hans hefur verið hafnað, þó með tilliti til takmarkana á grundvelli lagaskyldu.

## 10. Réttur til eyðinga og takmörkunar á vinnslu

Við ákveðnar aðstæður kann starfsmaður að hafa heimild til að óska eftir því að persónuupplýsingum um hann verði eytt án tafar, til að mynda þegar að varðveisla upplýsinganna er ekki lengur nauðsynleg miðað við tilgang söfnunarinnar eða vinnslunnar eða vegna þess að starfsmaðurinn hefur afturkallað samþykki sitt fyrir vinnslu persónuupplýsinganna ef engin önnur heimild liggur til grundvallar henni.

Réttur starfsmanns til eyðingar persónuupplýsinga er hins vegar ekki fortakslaus. Þannig kunna lög eða reglugerðir að heimila eða skylda félagið til að hafna ósk um eyðingu persónuupplýsinga.



Starfsmanni kann einnig að vera heimilt að óska eftir að vinnsla persónuupplýsinga um hann verði takmörkuð við ákveðnar aðstæður, t.d. ef vinnslan er ólögumæt og starfsmaðurinn vill frekar takmarka vinnsluna en að persónuupplýsingum sé eytt, eða ef varðveislan er ekki lengur nauðsynleg miðað við tilgang vinnslunnar en starfsmaðurinn vill engu að síður að upplýsingarnar séu áfram varðveittar til þess að hægt sé að höfða mál eða verjast málsókn.

### 11. Réttur til gagnaflutninga

Fari vinnsla persónuupplýsinga fram með sjálfvirkum hætti kunna starfsmenn að eiga rétt á að fá þær persónuupplýsingar sem þeir hafa afhent félaginu og varða þá og unnar eru með samþykki starfsmannsins, eða á grundvelli ráðningarsamnings starfsmannsins, á skiljanlegu og aðgengilegu formi. Starfsmönnum kann einnig að vera heimilt að miðla þessum gögnum áfram til þriðju aðila.

### 12. Fyrirspurnir starfsmanna og kvörtun til Persónuverndar

Ef þú vilt nýta rétt þinn til aðgangs að persónuupplýsingum þínum, til eyðinga eða takmörkunar vinnslu eða til gagnaflutninga, vinsamlegast beindu slíkri beiðni til gæða- og upplýsingastjóra félagsins.

Ef starfsmenn hafa einhverjar spurningar vegna persónuverndarreglna þessara eða hafa áhyggjur af því hvernig persónuupplýsingar um þá eru varðveittar, skulu þeir einnig hafa samband við gæða- og upplýsingastjóra félagsins sem mun leitast við að svara fyrirspurnum og leiðbeina starfsmönnum um réttindi þeirra samkvæmt persónuverndarreglum þessum.

Ef að starfsmaður er ósáttur við vinnslu félagsins á persónuupplýsingum hans getur hann sent erindi til Persónuverndar ([www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is)).

### 13. Samskiptaupplýsingar

Við höfum tilnefnt starfsmannastjóra félagsins til að hafa umsjón með eftirfylgni þess hluta persónuverndarreglna er varða persónuupplýsingar um starfsmenn. Starfsmannastjóri og gæða- og upplýsingaöryggisstjóri vakta póstfangið [personuvernd@veritas.is](mailto:personuvernd@veritas.is).

Samskiptaupplýsingar um félagið:

Veritas Capital ehf.  
Hörgatúni 2  
210 Garðabær

### 14. Endurskoðun

Veritas getur frá einum tíma til annars breytt persónuverndarreglum þessum í samræmi við breytingar á viðeigandi lögum eða reglugerðum eða vegna breytinga á því hvernig félagið vinnur með persónuupplýsingar. Verði gerðar breytingar á persónuverndarreglum þessum verður starfsmönnum send uppfærð útgáfa af reglunum eða slíkt kynnt starfsmönnum á annan sannanlegan hátt.

Allar breytingar sem kunna að verða gerðar á reglunum taka gildi eftir að uppfærð útgáfa hefur verið kynnt starfsmönnum Veritas.

Þessar persónuverndarreglur voru settar þann 25.maí 2018.